

Sp.

694. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um heimild handa ríkisstjórninni til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu till. þessarar. Meiri hluti hennar, PO, JJ, EmJ, SEH og SK, vildu samþykkja hana með nokkurri breytingu. Vér undirritaðir teljum málið ekki það undirbúið, að fært sé að ganga frá því að fullu nú. Virðist oss ekki heldur nauðsyn á að hraða því svo, að gefa þurfi stjórninni heimild til þess að ganga upp á sitt eindæmi frá máli þessu milli þinga. Lítur nú út fyrir, að nauðsynlegt verði að veita ríkisstjórninni drjúga heimild til fjárráðstöfunar, og því ekki á bætandi, er vel þolir bið til næsta Alþingis. Þá er ekki heldur nú heppilegur tími, eins og ástatt er um fjármál öll í landi hér, að ákveða raunverulegt verð hlutabréfanna. Enn er það, að afgreiðslu fjárlaga á þessu þingi virðist ekki munu verða það glæsileg, að rétt sé að gera ríkissjóði gjöld, sem sennilega skipta mörgum hundruðum þúsunda króna, ofan á þann áætlaða tekjuhalla, sem fyrir er. Að lokum má benda á það, að vafasamt er, hvort þessi hlutabréfa-kaup ríkisins verða nema nokkrum þeirra til hagsmuna, er upphaflega keyptu þau fyrir sparifé sitt.

Samkvæmt framansögðu leggjum vér til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á framboðum og verðgildi hlutabréfa Útvegsbanka Íslands h/f og leggi fyrir næsta Alþingi tillögur sínar um, hvort ríkissjóður skuli kaupa hlutabréf þau, er um ræðir í þingsályktunartillögunni, og með hvaða skilyrðum, ef til kemur, svo sem kaupverð, árlegt framlag ríkissjóðs til kaupanna og að keypt verði af þeim einum, er voru upphaflega eigendur bréfanna, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. júní 1941.

Dorst. Þorsteinsson, Bjarni Bjarnason. Helgi Jónasson. Páll Hermannsson.
frsm.